

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2019
UST201905-381/B.S.
10.05.06


Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að gerð sé nægjanleg grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og þeim umhverfisþáttum sem matið á að taka til.

Umhverfisstofnun telur að gera ætti grein fyrir hvernig ráðgert sé að nýta umframefni til að fella garða betur að landi og hvort gengið verði frá þvergarði á annan hátt en leiðigörðum vegna nálægðar þvergarðsins við byggðina. Varðandi umfjöllun um valkosti ætti að gera grein fyrir ástæðum þess að einungis verður fjallað um einn framkvæmdakost. Hvort ástæðan sé vegna landfræðilegra aðstæðna, hönnunarforsenda og ofanflóðavarna sem fyrir eru þannig að umfjöllun um valkosti teljist fullnægjandi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

